

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/1793****2022/EES/26/22****frá 20. nóvember 2018**

**um samþykki fyrir breytingum á tækniskjali fyrir landfræðilega merkingu fyrir brenndan drykk, sem er skráður í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008, sem leiðir til breytinga á nákvæmum skilgreiningum fyrir hann („Ron de Guatemala“ (GI)) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1576/89 <sup>(1)</sup>, einkum 8. mgr. 17. gr. og 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórnin tók til athugunar umsókn „Asociación Nacional de Fabricantes de Alcoholes y Licores (ANFAL)“ um samþykki fyrir breytingum á tækniskjalinu fyrir landfræðilegu merkinguna „Ron de Guatemala“, sem er skráð samkvæmt reglugerð (EB) nr. 110/2008 <sup>(2)</sup>, í samræmi við 5. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Þar eð framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að umsóknin væri í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008, birti hún umsóknina um breytingu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* <sup>(3)</sup> skv. 6. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar.
- 3) Þar eð framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 7. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 110/2008 ætti að samþykkja breytingarnar á tækniskjalinu í samræmi við 8. mgr. 17. gr. þeirrar reglugerðar.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingarnar á tækniskjalinu, sem birtar eru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* varðandi heitið „Ron de Guatemala“ (GI), eru hér með samþykktar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 294, 21.11.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 39, 13.2. 2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 97/2014 frá 3. febrúar 2014 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (Stjttíð. ESB L 33, 4.2.2014, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Stjttíð. ESB C 317, 23.9.2017, bls. 6.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---